LEIKHÚS
KVIKMYNDIR
TÓNLIST
SKEMMTANIR

Líf & fjör



umsjón Haraldur Ingólfsson



umsjón Lóa Aldísardóttir


Af trönum meistarans

Af trönum meistarans heitir þriðja og síðasta yfirlitssýning á verkum Kjarvals sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun.

„Mikil lifandis skelfing er gott til þess að vita, að við sem erum svo oft að deila um málaralist, skulum þó eiga einn mann sem við erum öll sammála um að er snillingur: Kjarval." Svo reit Hörður Ágústsson í afmælisgrein í Þjóðviljanum árið 1954 á þeim tíma þegar Kjarval var orðinn óumdeildur meistari íslenskrar málaralistar. Þriðja og síðasta yfirlitssýning Kjarvalsstaða á verkum Kjarvals tekur yfir tímabilið frá 1946 til 1972. Kjarval var þá orðinn fastur í sínum virðingarsessi og hafði markað djúp spor í íslenskri listasögu. Raunar má segja að hann hafi mótað náttúrusýn Íslendinga fram á þennan dag.

Blámi Garibaldis

Að sögn Ólafar K. Sigurðardóttur á Kjarvalsstöðum er ástæðan fyrir sterkri stöðu Jóhannesar Kjarvals í íslensku listalífi margþætt. Hann er einn af frumherjum íslenskrar málaralistar, borinn uppi af ættjarðarást og þjóðernishyggju aldamótakynslóðarinnar en auk þess hafi óútreiknanlegur persónuleiki hans og lífsmáti, sem gaf lítið fyrir viðteknar venjur borgarastéttarinnar, gert hann að lifandi goðsögn og holdgervingi ímyndarinnar um listamanninn sem bóhem. Sýningin á þessu lokaskeiði í listsköpun Kjarvals stendur til 24. maí.




Bóheminn Jóhannes S. Kjarval er óumdeildur meistari íslenskrar málaralistar í augum margra. Síðasta yfirlitssýningin á verkum hans nær yfir tímabilið 1946-1972.

Í miðrýminu á Kjarvalsstöðum verður einnig opnuð á morgun sýning Einars Garibalda sem hann nefnir **Blámi** og skírskotar sýningin einmitt til stöðu Kjarvals í huga Íslendinga. Hann veltir fyrir sér táknum í umhverfi okkar, merkingu þeirra og samband við það sem þeim er ætlað að tákna. Á Bláma tekur hann sérstaklega fyrir þá stöðu sem tákngervingur íslenskrar myndlistar, Jóhannes S. Kjarval, hefur í huga okkar. Sýningu Einars lýkur 14. mars.

Plíseraður pappír

Þriðja sýningin sem opnuð verður á morgun er **Stillur**. Norska textíllistakonan Britt Smelvær sýnir verk sín í Vestursalnum. Hún tjáir hugmyndir sínar að þessu sinni með því klæða veggi sýningarrýmisins með plíseruðum hvítum pappír frá lofti til gólfs auk þess sem hún notar gifs og ljós til að móta andrúmsloftið í sýningarsalnum enn frekar. Sýningin stendur til 7. mars.




Einar Garibaldi tekur Kjarval, sem tákngerving hins íslenska Málara, fyrir í sýningunni Blámi í miðrými Kjarvalsstaða.

Fyrir þá sem það vilja er leiðsögn fyrir almenning um Kjarvalsstaði alla sunnudaga kl. 16. Þá má geta þess að í tengslum við síðustu yfirlitssýninguna á verkum Kjarvals hefur sérstöku fræðsluverkefni fyrir 6. bekk grunnskóla verið hleypt af stokkunum.

UM HELGINA

Gítartónleikar




Arnaldur Arnarson gítarleikari heldur tónleika í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju klukkan 20.30 á sunnudag.

Arnaldur hefur verið búsettur í Barcelona á Spáni síðan 1984 þar sem hann kennir gítarleik við Luthier tónlistarskólann. Auk kennslunnar hefur hann farið í mörg tónleikaferðalög, meðal annars til Bandaríkjanna, Argentínu, Kólumbíu, Sviss, Englands, Íslands og annarra Norðurlanda. Einn af kennurum hans í Manchester á Englandi var John Williams.

Á tónleikum Tónlistarfélags Akureyrar leikur hann verk eftir Fernando Sor, J. S. Bach, Karólínu Eiríksdóttur, Jón Leifs og Isaac Albéniz.

Þrjár sýningar í Gerðarsafni

Starfsár Listasafns Kópavogs hefst að þessu sinni á opnun þriggja sýninga. Í vestursalnum er sýningin Lýsing '99 en þar eru olíumálverk og þrívíð verk eftir japanska listamanninn Nobuyasu Yamagata, sem er búsettur hér á landi. Kveikjan að þessum verkum Yamagata voru myndskreyttir upphafsstafir í íslenskum handritum - þótt ekki liggi það í augum uppi á myndinni sem hér sést - enda verða upphafsstafirnir honum efni í sjálfstæða sögu. Á neðri hæð safnsins sýnir Sigríður Rut Hreinsdóttir þrettán olíumálverk þar sem hún tjáir tengsl manns og jarðar með fíngerðum konumyndum, sem spretta út úr formum náttúrunnar líkt og hverfular draumsýnir. Í austursalnum er skúlptúrsýningin Frelsi og fjötrar, þar sem Haukur Harðarson sýnir krukkur og ker unnin úr marmarasteypu, flotsteypu, málmi og sandi. Sýningarnar standa til 24. janúar og eru opnar alla daga nema mánudaga frá kl.12-18.



Vínartónleikar á Akureyri

Dóná svo blá, atriði úr Leðurblökunni og Sígaunabarónínum og fleiri þekkt verk Johanns Strauss yngri eru á efnisskrá Vínartónleika Karlakórs Akureyrar-Geysis.

Karlakór Akureyrar-Geysir heldur Vínartónleika á morgun og sunnudag í Íþróttaskemmunni á Akureyri. Tónleikarnir verða klukkan 17.00 báða dagana.

Guðrún Ingimarsdóttir sópransöngkona syngur einsöng á tónleikunum en hún býr og starfar í Þýskalandi og kemur meðal annars reglulega fram með Johann Strauss hljómsveitinni í Wiesbaden. Guðrún lauk námi hjá Sylvíu Geszty vorið 1998 og hefur tekið þátt í mörgum óperuuppfærslum, meðal annars í Wales, með Fílharmóníuhljómsveitinni í Baden Würtemberg og sungið á fjölda tónleika, meðal annars í óperunni í München.



Karlakór Akureyrar-Geysir heldur Vínartónleika á laugardag og sunnudag í Íþróttaskemmunni á Akureyri, klukkan 17 báða dagana. Guðrún Ingimarsdóttir sópransöngkona syngur einsöng á tónleikunum.

Stjórnandi Karlakórs Akureyrar-Geysis er Roar Kvam en undirleikari á píanó er Richard Simm. Með kórnum leikur einnig Hljómsveit Akureyrar.

Ímynd glæsibrags Vínarborgar

Tónleikarnir eru haldnir á hundrað ára ártíð Johanns Strauss yngri en hann tók við danshljómsveit föður síns eftir fráfall hans og gerði hana að stórhljómsveit. Hljómsveitin lék á dansleikjum sem þóttu afar tignarlegir og glæsilegir. Johann Strauss yngri samdi einnig óperur, þekktastar þeirra eru Leðurblakan, Nótt í Feneyjum og Sígaunabaróninn. Á efnisskrá tónleikanna eru meðal annars atriði úr Leðurblökunni og Sígaunabarónínum, Keisaravals og Dóná svo blá, en það verk var upphaflega samið sem kórverk og fékk þá slæmar viðtökur. Vinsældirnar breyttust þó við að Strauss breytti verkinu í hljómsveitarvals sem hefur orðið eins konar ímynd glæsibrags Vínarborgar. Þá má og nefna Radetzky-vals Johanns Strauss eldri en þeir feðgar háðu valsaeinvígi og voru flestir sammála um að sá yngri hefði haft betur.